



## Hestamannafélagið Glaður

Brekkuhvammi 10  
370 Búðardal  
www.gladur.is

### Stjórnarfundur 17. nóvember 2010

*Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:*

Fundur í stjórn Hestamannafélagsins Glaðs haldinn í húsnæði Vegagerðarinnar í Búðardal  
17. nóvember 2010 kl. 21:00.

Mættir: Eyþór, Svala, Valberg, Viðar og Guðbjörn.

1. Rætt um kjör knapa ársins og árangur skoðaður úr gögnum mótanefndar og valið út frá því. Styrmir Sæmundsson var kjörinn.
2. Rætt um reiðvegagerð, fjármagn og verkefni. Formaður sótti um styrk til Vegagerðarinnar sem var samþykktur. Styrkurinn var veittur í reiðveg við Laxá og upp að Laxárdalsveg og er það verk búið. Úthlutunin á fjármagni kom mjög seint á árinu og var unnið við reiðveg við Ljárskóga fyrir það fé. Stefnt var að því að vinna við reiðveg yfir Sælingsdalsheiði en það er mat manna að það þurfi að gera yfir sumartímenn en þá var ekki búið að úthluta fjármagni. Það verkefni bíður og er enn á stefnuskrá.
3. Rætt um fræðslustarf. Fræðslunefnd er að skipuleggja námskeiðahald og góð vinna í gangi þar.
4. Rætt um viðburði í félaginu og ákveðið að heyra í skemmtinefnd.
5. Rætt um mótahald og dagsetningar á mótum sem þarf að skila inn til LH. Eyðublaði vísað til mótanefndar sem klárar málið.
6. Rætt um eignarhluti í Nesodda ehf. sem rekur reiðhöllina. Félagsmenn mættu á sérstaka vinnudaga þegar unnið var við reisingu á húsinu. Á móti þeirri vinnu var lofað eignarhlut í Nesodda ehf. Rætt um fyrirkomulagið og ákveðið að rita bréf til þeirra félagsmanna sem unnu að verkefninu.

Fundi slitið kl 22:05

*Svala Svavarsdóttir (sign)*